

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022,  
svæði fyrir verslun og þjónustu á Rangárflötum við Hellu.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 15. desember 2014 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 2. desember 2014.

Í breytingunni felst að svæði fyrir verslun og þjónustu (P6) sunnan Suðurlandsvegur á Hellu stækkar úr tæpum þremur ha í átta þar sem gert er ráð fyrir þjónustulóðum sem þjóna vegfarendum og starfsemi á Gaddstaðaflötum. Opið svæði til sérstakra nota (O5) sem var skilgreint sem tjaldsvæði fellur út. Vegir innan svæðisins ásamt göngu- og reiðleiðum breytast lítillega.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 15. desember 2014.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ottó Björgvin Óskarsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 9. janúar 2015